

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
Ársreikningur 2023

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
Hlíðarsmára 8
201 Kópavogur
Kt. 480169-4179

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2023

Starfsemi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands (EBÍ) á árinu 2023 fólst í fjármálastarfsemi. Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2023 að fjárhæð 57,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 1.763,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 61,3% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Á árinu störfuðu tveir starfsmenn hjá félaginu. Vísad er í skýringu 12 varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé félagsins.

Félagið ver hagnaði sínum til almenningsheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Á árinu 2023 greiddi félagið 50 millj. kr. í ágóðahlut til aðildarsveitarfélaga félagsins. Félagið stuðlar að margvíslegum forvörnum fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Jafnframt hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfu á fræðsluefni í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð og þróun hugbúnaðar til að efla eftirlit með brunavörnum í samvinnu við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun. EBÍ fer með formennsku í Eldvarnabandalaginu, en það er samstarfsvettvangur þar sem ýmsir aðilar sem sinna forvörnum í brunamálum s.s. tryggingafélögin, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, taka höndum saman í ýmsum forvarnarverkefnum á þessu sviði. Má þar t.d. nefna útgáfu handbókar um eldvarnir heimilisins, samvinnuverkefni um eigið eldvarnaeftirlit og forvarnarstarf í sveitarfélögum landsins og í ýmsum stærri fyrirtækjum.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Þann 7. september 2012 samþykkti stjórnin formlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglurnar eru uppfærðar árlega þar sem m.a. aukinni upplýsingagjöf og árangursmati framkvæmdastjóra var bætt inn. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Samkvæmt núverandi stefnu er gert ráð fyrir að fjárfestingar í helstu eignaflokkum verði þannig; 38% eigna séu í ríkisbréfum og innlánnum, 20% í innlendum og erlendum hlutabréfum og 15% í skuldabréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBÍ standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Þann 26.nóvember 2021 samþykkti stjórn EBÍ stefnu félagsins varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefnan byggir á eftirtöldum heimsmarkmiðum: nr. 3 Heilsa og vellíðan, nr. 4 Menntun fyrir alla, nr. 5 Jafnrétti kynjanna, nr. 8 Góð atvinna og hagvöxtur, nr. 9 Nýsköpun og uppbygging, nr. 12 Ábyrg neysla og framleiðsla, nr. 13 Aðgerðir í loftslagsmálum, nr. 16 Friður og jafnrétti. Í maí 2022 samþykkti stjórn félagsins síðan aðgerðaráætlun varðandi útfærslu stefnumiðanna. Árlega mun fara fram mat á hvornig hefur til tekist og hvort endurskoðunar er þörf.

Fjöldi sveitarfélaga sem á hlut í sameignarsjóði félagsins var 54 í árslok 2023. Hlutdeild sameignarsjóðsins er 44,9% (2022: 43,9%). Aðrir sameigendur skiptast þannig að 34,5% (2022: 35,3%) eru í eigu einstaklinga, 20,6% (2022: 20,8%) í eigu lögaðila. Sjá nánar í skýringu 16.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogur, 9. febrúar 2024

Framkvæmdastjóri:

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 9. febrúar 2024.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		159.156.850	(236.576.300)
Vaxtatekjur og verðbætur af handbæru fé		1.897.147	811.060
Fjármagnsgjöld		(5.363.124)	(6.445.058)
		<u>155.690.873</u>	<u>(242.210.298)</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	35.115.194	33.227.486
Lífeyrisskuldbinding	14	116.715.595	79.432.479
Rekstur húsnæðis		3.406.776	3.059.182
Annar rekstrarkostnaður		24.018.366	24.549.092
		<u>179.255.931</u>	<u>140.268.239</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnstekjuskatt		(23.565.058)	(382.478.537)
Fjármagnstekjuskattur	13	(33.826.650)	49.271.330
Tap ársins		<u>(57.391.708)</u>	<u>(333.207.207)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini		2.261.703.940	2.375.382.292
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir		581.311.337	524.016.634
Verðbréf samtals		<u>2.843.015.277</u>	<u>2.899.398.926</u>
Rekstrarfjármunir		1.735.221	2.293.554
Aðrar skammtímakröfur		14.216	35.283
Handbært fé		30.167.912	22.773.365
Aðrar eignir samtals		<u>31.917.349</u>	<u>25.102.202</u>
Eignir samtals		<u>2.874.932.626</u>	<u>2.924.501.128</u>
Eigið fé			
Sameignarsjóður		792.338.784	821.520.144
Annað eigið fé		970.830.209	1.049.040.557
Eigið fé 6,12,16		<u>1.763.168.993</u>	<u>1.870.560.701</u>
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	14	961.697.188	909.044.523
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	7,13	148.457.732	142.877.547
Aðrar skammtímaskuldir	15	1.608.713	2.018.357
Aðrar skuldir samtals		<u>150.066.445</u>	<u>144.895.904</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.111.763.633</u>	<u>1.053.940.427</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.874.932.626</u>	<u>2.924.501.128</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	(57.391.708)	(333.207.207)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		558.333	1.340.000
Áfallinn fjármagnstekjuskattur, breyting		5.580.185	(93.919.027)
Lífeyrisskuldbinding, breyting		52.652.665	15.848.185
Veltufé frá (til) rekstrar		1.399.475	(409.938.049)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		21.067	27.417
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(409.644)	582.228
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(388.577)	609.645
Handbært fé frá (til) rekstrar		1.010.898	(409.328.404)
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréfaeign, breyting		56.383.649	448.077.702
Fjárfestingarhreyfingar		56.383.649	448.077.702
Fjármögnunarhreyfingar			
Ágóðahlutur til sveitarfélaga	(50.000.000)	(50.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(50.000.000)	(50.000.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		7.394.547	(11.250.702)
Handbært fé í ársbyrjun		22.773.365	34.024.067
Handbært fé í árslok		30.167.912	22.773.365

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að verðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Verðbréf

Verðbréf samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum, hlutabréfum og hlutabréfasjóðum. Verðbréf eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

5. Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

6. Eigið fé

Ágóðahlutur til sveitarfélaga á grundvelli samþykka félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

7. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innlestum fjármunatekjum.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	19.603	18.500
Stjórnarlaun	7.580	7.270
Launatengd gjöld	7.932	7.457
Laun, launatengd gjöld samtals	<u>35.115</u>	<u>33.227</u>
Starfsmenn að meðaltali	1,4	1,4

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra nema 18.517 þús. kr. á árinu 2023 (2022: 17.737 þús.kr.).

9. Skuldabréf og hlutdeildarskírteini

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini félagsins í árslok greinast þannig:

	2023	2022
Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands	987.203	944.121
Skuldabréfasjóðir	1.274.501	1.431.261
	<u>2.261.704</u>	<u>2.375.382</u>

Skýringar, frh.:

10. Hlutabréf og hlutabréfasjóðir

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir félagsins í árslok greinast þannig:	2023	2022
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	135.552	110.010
Hlutabréfasjóðir	440.354	408.629
Óskráð hlutabréf	5.405	5.378
	<u>581.311</u>	<u>524.017</u>

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Listaverk	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	6.700	1.065	7.765
Heildarverð 31.12.2023	<u>6.700</u>	<u>1.065</u>	<u>7.765</u>
Afskrifað samtals 1.1.2022	4.132	0	4.132
Afskriftir ársins	1.340	0	1.340
Afskrifað samtals 31.12.2022	5.472	0	5.472
Afskriftir ársins	558	0	558
Afskriftir 31.12.2023	<u>6.030</u>	<u>0</u>	<u>6.030</u>
Bókfært verð 31.12.2022	1.228	1.065	2.294
Bókfært verð 31.12.2023	<u>670</u>	<u>1.065</u>	<u>1.735</u>
Afskriftahlutfall	20%	0%	

12. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé*	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	962.978	1.290.790	2.253.768
Ágóðahlutur til sveitarfélaga		(50.000) (50.000)	
Tap ársins		(333.207) (333.207)	
Fært í sameignarsjóð	<u>(141.458)</u>	<u>141.458</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31.12.2022	821.520	1.049.041	1.870.561
Ágóðahlutur til sveitarfélaga		(50.000) (50.000)	
Tap ársins		(57.392) (57.392)	
Fært í sameignarsjóð	<u>(29.181)</u>	<u>29.181</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31.12.2023	<u>792.339</u>	<u>970.830</u>	<u>1.763.169</u>

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. skýringu 16.

*Félagið færir verðbréfaeign sína á gangvirði gegnum rekstrarreikning í samræmi við reikningsskilareglur. Samkvæmt 38. gr. laga um ársreikninga, skal færa sömu fjárhæð vegna matsbreytinga á fjáreignum sem tilgreindar eru á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa.

Binding gangvirðisbreytinga hófst í ársbyrjun 2016. Óinnleystur gengishagnaður í árslok 2023 nam 660 millj. kr. (2022: 630 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

13. Skuldbindingar

Félagið er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleystum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2023 nam innleystur fjármagnstekjuskattur 28,2 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

	2023	2022
Fjármagnstekjuskattur í upphafi árs	142.878	236.797
Reiknaður fjármagnstekjuskattur á árinu	33.827 (49.271)
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(28.246)	(44.648)
Fjármagnstekjuskattur í lok árs	<u>148.458</u>	<u>142.878</u>

14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 64,1 millj. kr. á árinu. Lífeyrisskuldbinding félagsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 961,7 millj. kr. í árslok 2023 og er hún færð í ársreikninginn.

15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2023	2022
Ógreiddir reikningar	176	649
Ógreidd launatengd gjöld	1.433	1.369
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals	<u>1.609</u>	<u>2.018</u>

16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

	2023	2022
Tryggingatakar	55,06%	56,08%
Sameignarsjóður	44,94%	43,92%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Félagið hefur skuldbundið sig til leigu á húsnæði undir starfsstöð sína. Leigusamningur félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningur og er því ekki færður í efnahagsreikning. Samningurinn er ótímabundinn og er uppsæjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

Rekstrargjöld námu 2,7 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 2,5 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal reksturs húsnæðis. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðargreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggs húsaleigusamnings.

	2023	2022
Leigugjöld árið 2024/2023	2.753	2.581
Leigugjöld árið 2025/2024	2.753	2.581
Leigugjöld árið 2026/2025	2.753	2.581
Leigugjöld árið 2027/2026	2.753	2.581
Leigugjöld árið 2028/2027	2.753	2.581
Rekstrarleigugreiðslur samtals	<u>13.763</u>	<u>12.904</u>

Undirritunarsíða

Anna Sigurðardóttir

Björn Ingimarsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Stefán Óskar Jónasson

Ármann Kristinn Ólafsson

Oddur Helgi Halldórsson

Soffía Gísladóttir

Hrafnhildur Helgadóttir